



Nýburaskimun BLÓÐRANNSÓKN

RANNSÓKNARSVIÐ LANDSPÍTALA

Erfða- og sameindalæknisfræðideild, Hb.
101 Reykjavík, sími 543 5039, fax 543 5539
www.landspitali.is

Beiðandi ljósmóðir/læknir:

Stofnun:	Deild:
Sýni tekið dags.:	Kl.
Sýni tekur:	Sími:

Persónuatriði barns (nafn, kt. heimilisfang):

Persónuatriði móður (nafn, kt.):

Upplýsingar um meðgöngu og barn:

☐ Stúlka ☐ Drengur	Meðganga (vikur)	Fæðingarþyngd	Kl.	Fæðingarstaður
Lyfjagjöf móður (einkum sýklalyf) fyrir fæðingu og barns eftir fæðingu:				

Leiðbeiningar vegna sýnatöku:

- Greinið **foreldri frá tilgangi** nýburaskimunar.
- Takið blóðsýnið þegar barnið er **15 - 72 stunda gamalt**.
- Gætið þess að **sama númer** sé á þerripappírnum og fylgiseðli.
- Fyllið **vandlega** út umbeðnar upplýsingar ásamt nafni þess er tekur sýnið og símanúmer.
- Lyfjagjafir, **einkum sýklalyf**, geta gefið **falsk jákvæðar niðurstöður**.
- Hreinsið hæl barnsins með **70 % isopropanóli** og látið þorna vel.
- Stingið **til hliðar** í hæl en ekki í gangflöt eða beint aftan á hæl. Einnig má taka úr handarbaki með nál, t.d. við brjóstagjöf.
- Þurrkið fyrsta blóðdropann varlega burt með dauðhreinsaðri grisju og látið blæða í alla hringina á þerripappírnum **þannig að pappírinn blotni í gegn**.
- Látið sýnið **þorna, 2 - 3 klst., forðist sólarljós**.
- Sendið sýnið **samdægurs** til Erfða- og sameindalæknisfræðid. Látið ekki foreldra sjá um sendinguna.
- Haft er samband** við beiðanda og foreldra ef niðurstöður eru óeðlilegar.

Strikamerkisnúmer: 5690939121171

Upplýsingar til foreldra um blóðrannsóknir vegna nýburaskimunar

Ráðlegt er að taka blóðsýni úr hæl allra nýfæddra barna til þess að rannsaka hvort þau hafi meðfædda efnaskiptasjúkdóma. Á Íslandi er nú prófað fyrir PKU og vanstarfssemi skjaldkirtils, ásamt fjölmörgum öðrum arfgengum efnaskiptasjúkdómum sem leiða til þess að líkaminn getur ekki umbreytt fituefnum eða eggjahvítuefnum á eðlilegan hátt. Marga sjúkdóma er hægt að meðhöndla með góðum árangri ef þeir greinast nógu snemma. Ef Rannsóknin vekur grun um að barnið sé með einhvern þessara sjúkdóma er haft samband við foreldra og barnið boðað til frekari rannsókna.

Sýni úr nýburaskimun eru varðveitt í lífsýnasafni á Erfða- og sameindalæknisfræðideild Landspítala svo hægt sé að endurtaka mælingar eða gera aðrar rannsóknir ef þurfa þykir, t.d. ef fram koma síðar hjá barninu alvarleg sjúkdómseinkenni. Sýni eru stundum notuð við

gæðaeftirlit, aðferðaþróun og kennslu. Einnig geta þau í stöku tilvikum verið notuð til vísindarannsókna að fengnu leyfi Vísindasiðanefndar og siðanefndar Landspítala. Í þeim tilvikum eru sýni notuð aftengd og án persónuauðkenna. Hægt er að fá nánari upplýsingar í síma Erfða- og sameindalæknisfræðideildar **543 5039**.

Sé foreldri (**forráðamaður**) barns mótfallið notkun sýnis til vísindarannsókna getur það (**hann**) farið fram á að sýnið sé eingöngu notað í þágu barnsins. Til þess þarf viðkomandi að undirrita eyðublað Landlæknisembættis: "Yfirlýsing um að ekki sé heimilt að nota lífsýni úr þjónusturannsóknum til vísindarannsókna eða vista í lífsýnasafni í því skyni". Á því blaði eru einnig upplýsingar um reglugerð nr. 134/2001 um vörslu og nýtingu lífsýna í lífsýnasöfnum.